

# Heilbrigðiseftirlitið er fyrir fólkið

## Rætt við Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Þorsteinn Narfason hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Þorsteinn tók fyrst við starfinu í september 2020 eftir að Helgi Helgason hætti störfum en fékk fastráðningu nú um áramótin. Þorsteinn er líffræðingur að mennt auk þess sem hann hefur lokið meistaranámi í umhverfisfræði frá Háskóla Íslands. Hann býr á Álftanesi og á fjögur börn auk stjúpdóttur. „Svo er ég hestamaður,“ segir Þorsteinn þegar blaðamaður Skessuhorns settist niður með honum í liðinni viku. „Það skemmtilega við þennan vinnustað er að hér erum við öll hestamenn,“ heldur hann áfram. En hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands starfa auk Þorsteins þau Ása Hólmarsdóttir líffræðingur og Árni Gunnarsson næringarfræðingur.

### Starfað við heilbrigðiseftirlit í 30 ár

Þorsteinn ólst upp í Reykjavík en fór í sveit sem unglingur og leið alltaf vel í sveitinni. „Þetta var góður tími í lífinu og mér þótti alltaf gaman að vinna og þegar búið var að sinna öllum þessum hefðbundnu störfum fann ég mér eitthvað annað að gera, til dæmis að laga girðingar eða skera niður njóla sem ég henti upp á kerru, það var nú svona til að fá að taka í traktorinn lengur,“ segir Þorsteinn og hlær. „Sveitamaðurinn hefur alltaf blundað í mér og því er rosalega gott að vera kominn hingað á Vesturland, aðeins nær sveitinni,“ bætir hann við. Þorsteinn hefur starfað fyrir heilbrigðiseftirlit í 30 ár á þessu ári en hann byrjaði hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eftir útskrift úr háskóla. Þar vann hann í nokkur ár áður en hann flutti sig yfir til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis þar sem hann var umhverfisfulltrúi í eitt ár áður en hann sótti um stöðu framkvæmdastjóra sem losnaði. „Ég fékk það starf og byrjaði því mjög ungur að starfa sem framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits,“ segir Þorsteinn. Hann vann í tæp 25 ár sem framkvæmdastjóri á Kjósarsvæðinu eða þar til ljóst var að stofnunin yrði lögð niður og sameinuð öðrum svæðum. „Mosfellsbær og Seltjarnarnes sameinuðust Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs í byrjun þessa árs en Kjósarhreppur færðist undir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands svo ég fæ að hafa eftirlit með honum áfram,“ segir Þorsteinn.

### Hlutverk heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands þjónar ellefu sveitarfélögum og spannar eftirlitssvæðið allt Vesturland, frá Gilsfirði og að mörkum Reykjavíkur. En hvað gerir heilbrigðiseftirlitið? „Starf heilbrigðisfulltrúa sem slíkt er í grunninn að sinna þeim verkefnum sem Alþingi setur fyrir. Heilbrigðisnefnd Vesturlands fer með hið formlega vald en starfsmenn eftirlitsins vinna í umboði hennar. Verkefnið okkar verða svo til í lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga. Heilbrigðisfulltrúar rýna einnig skipulagsuppdrætti og veita umsagnir til lögreglu og sýslumanns um leyfi sem þessir aðilar veita. Þá reynum við að fylgjast með nýrri löggjöf í smíðum og gefum okkar álit þegar við á. Í grund-



Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

vallaratriðum á heilbrigðiseftirliti að sinna verkefnum samkvæmt fjórum lagabálkum; lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um matvæli, lögum um veitinga og gististaði og lögum um tóbaksvarnir. Svo er heilbrigðiseftirlitinu úthlutað verkefnum í öðrum lögum eins og lögum um meðhöndlun úrgangs. Þetta er fjölbreytt svið en til dæmis höfum við eftirlit með framleiðslu, dreifingu, flutningi og merkingu matvæla og fylgjumst með að öryggi sé fullnægt þar sem almenningur sækir þjónustu. Það er t.d. gert með því að hafa eftirlit með öryggi leiktækja á leikvöllum, með því að skoða m.a. heilnæmi baðvatns á sundstöðum og í skólahúsnæði er m.a. kannað hvort húsnæði sé öruggt fyrir börn. Þá má nefna að almenningur getur leit að til heilbrigðiseftirlits ef það telur sig búa við heilsuspillandi aðstæður. Til viðbótar þessu höfum við eftirlit með vatnsbólum sem þjóna að lágmarki 20 húsum, eða 50 manns. Þegar vatnsból eru tekin út veitum við rekstaráðilum upplýsingar um hvað betur megi fara í byggingu þeirra. Það sem oftast spillir vatnsbólum er að yfirborðsvatn kemst í vatnsbólið,“ útskýrir Þorsteinn.

„Við fylgjumst líka með mengandi starfsemi eins og verksmiðjum og verkstæðum auk þess sem við höfum eftirlit með stöðum þar sem starfsemi er blönduð, þ.e. að hluta til mengandi, eins og á sjúkrahúsum. Þar þarf að tryggja að farið sé með öll efni og úrgang eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Heilbrigðiseftirlitið getur haft aðkomu vegna slæmrar umgengni á lóðum,

svo sem ef fjarlægja þarf bílhræ og gera þarf kröfu um bætta umgengni á lóðum. Til viðbótar við formlegt eftirlit þá hafa heilbrigðisfulltrúar skyldur um að fræða almenning og rekstaráðila á sínu sviði,“ útskýrir Þorsteinn og bætir við að fyrst og fremst sé hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins að vera með fyrirbyggjandi eftirlit til að bæta lýðheilsu og að umhverfi sé ekki spillt. „Fólk heldur oft að okkar starf tengist heilbrigðiskerfinu og að við séum með eftirlit með heilsu fólks en það er rangt. Við höfum það hlutverk að huga að heilsu umhverfisins svo það ógni ekki heilsu almennings.“

### Þjónustustofnun

Spurður hvernig venjulegur vinnudagur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er hlær Þorsteinn og segir ekkert vera sem heitir venjulegur vinnudagur hjá honum. „Þeir eru bara allir allskonar og maður veit oft ekkert hvernig dagurinn verður þegar maður mætir til vinnu á morgnana. Stundum er maður með eitthvað plan en fær svo símtal sem breytir því öllu,“ svarar Þorsteinn. „Ég kem í raun að allri starfsemi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands auk þess sem ég hef yfirmun sjón með öllu hér á skrifstofunni. Skemmtilegast þykir mér að fara út og hitta fólkið og sjá hvernig hlutirnir eru á hverjum stað, stjórnsýslan getur hins vegar tekið mikinn tíma og því fer ég sjaldnar út en ég myndi kjósa. Hjá stofnuninni eru nú þrjú starfsmenn sem að mati Þorsteins er of lítið miðað við umfang eftirlitssvæðisins en hann seg-

ir að leyfi sé komið fyrir því að ráða inn fjórða starfsmanninn á miðju ári. „Við erum með yfir þúsund eftirlitsskylda staði á mjög stóru svæði. Það fer mikill tími í akstur og til dæmis þegar farið er í eftirlit á Snæfellsnes eða Dalabyggð eru vinnudagarnir ansi langir,“ segir Þorsteinn. „Það jákvæða er að flestir vilja fá eftirlit og vilja hafa hlutina í lagi.“

Spurður um viðhorf til eftirlitsins hjá fyrirtækjum segir Þorsteinn að í langflestum tilfellum sé heilbrigðisfulltrúum mjög vel tekið í eftirliti. Heilbrigðiseftirlitið veitir fyrirtækjum sem það hefur eftirlit með starfsleyfi þar sem ramminn er settur um hvaða reglum fyrirtækið á að fylgja. „Okkar hlutverk er að leiðbeina rekstaráðilum hvernig hlutirnir eiga að vera samkvæmt starfsleyfinu en þeir sem reka fyrirtækin og stofnanirnar vilja hafa hlutina í lagi og taka því leiðbeiningum okkar vel. Við erum að veita lögbundna þjónustu og viljum aðstoða og gefa ráð.“

### Vill láta kanna loftgæði og mengunarástand vatna

Heilbrigðiseftirlitið hefur fyrst og fremst það hlutverk að vinna að bættum lífsgæðum almennings þó svo að vinnan fari að stærstum hluta fram hjá rekstaráðilum. Það er gert með því að setja kröfur um mengunarvarnabúnað, svo sem með því að minnka mengun og gera umhverfið heilnæmara og öruggara. „Það er ákveðinn fjöldi fólks sem deyr árlega úr loftmengun á Íslandi,

sem mörgum þykir skrýtið þegar umræðan er frekar í þá veru að loftið hér á landi sé almennt hreint. Þar sem loftgæði eru mæld kemur samt í ljós að loftmengun mælist yfir heilsufarsmörkum fyrir tiltekinn efni suma daga.“ segir Þorsteinn. „Loftmengun er ekki mæld af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands svo þar eru eflaust sóknarfæri. Gott væri líka að geta fylgst betur með mengun vatna, þ.m.t. strandlengjunni sem er meðal lögbundinna verkefna sem heilbrigðiseftirlit á að sinna. Á Kjósarsvæðinu vorum við komin vel á veg með kortlagningu á mengunarástandi vatna og strandlengjunnar þar sem skólpi var dælt í sjó og ýmsar úrbætur hafa verið gerðar þar. Áhersla mætti vera meiri á þennan þátt.“

### Leggst vel í hann

Þorsteinn segir starfið leggjast mjög vel í hann og að móttökurnar hafi verið góðar á Vesturlandi. „Mér hefur alltaf verið vel tekið og ég hef mjög áhugasamt og hæft starfsfólk með mér. Ég sé fram á bjartari tíma framundan í samfélaginu og hlakka bara til að fara víðar og hitta fólk,“ segir Þorsteinn. Spurður hvort faraldurinn hafi haft mikil áhrif á starf heilbrigðiseftirlitsins segir hann svo ekki vera. „Við höfum lögbundnum skyldum að gegna og erum í sambandi við embætti sóttvarnalæknis þegar við á. Við gætum okkar vel og hugum að persónulegum sóttvörnum auk þess sem við erum vel bólu-sett,“ segir Þorsteinn Narfason. „Við höldum því okkar striki þó það sé heimsfaraldur.“